



Umferðarstofa  
B.t. Dagný Jónsdóttir  
Borgartún 30  
105 Reykjavík

Reykjavík 12. janúar 2012

**Efni: Hækkun á gjaldi fyrir ökuritakort:**

Samtök atvinnulífsins, SVP - Samtök verslunar- og þjónustu, Samtök iðnaðarins og Samtök ferðaþjónustunnar mótmæla þeirri fyrirvaralausni breytingu sem varð á gjaldi fyrir ökuritakort um nýliðin áramót. Ljóst er að hækkunin er gerð án nokkurrar tilkynningar til þeirra aðila og samtök þeirra sem greiða fyrir kortin. Kortin eru hækkuð úr kr. 8700,- kr. í 17.650,- eða um 102 %.


Samtökin mótmæla þessum vinnubrögðum og telja að nauðsynlegt sé að hækkun umfram almennar verðlagshækkunar sem þessi sé boðuð með ákveðnum fyrirvara þar sem rök fyrir hækkun eru lögð fram og gjaldið skýrt nánar með niðurbroti þeirra þátta sem greitt er fyrir.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

  
Jón Rúnar Pálsson

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

  
Gunnar Valur Sveinsson

F.h. Samtaka iðnaðarins



Árni Jóhannsson

F.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu



Lisbet Einarsdóttir

Afrit sent á:  
Innanríkisráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
150 Reykjavík